


ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS



Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 123/430
komudagur 7.12.1998

Reykjavík 4. desember 1998.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum (183.mál).

Með frumvarpinu er leytast við að bæta úr nokkrum þeirra galla á gildandi skaðabótalögum sem sætt hafa gagnrýni og er það vel. Á það sérstaklega við um breytingar á margfeldisstuðlum 6.gr. laganna.

Hins vegar er eindregið lagst gegn því, að hluti af örorkulífeyri lífeyrissjóðanna dragist frá bótum eins og ráð er fyrir gert í 4.gr. frumvarpsins.

Iðgjöld launamanns til lífeyrissjóðs eru að öllu leyti hluti umsaminna launa. Ákveðið hlutfall þeirra er reiknað með áföllnum launum, 4%, en dregin frá við útborgun. Hinn hlutinn, 6%, eru ekki reiknuð inni áfallin laun en eru greidd beint af launagreiðanda til viðkomandi lífeyrissjóðs. Þessi greiðsluháttur breytir í engu eðli iðgjaldanna sem eru óvæfengjanlega hluti umsaminna launa á vinnumarkaði.

Skylda til aðildar að lífeyrissjóðum hefur verið bundin í kjarasamningum og lögum um langt árabíll. Setning laga um lífeyrissjóði breytti í engu réttarstöðu almenns launafólks hvað það varðar. Setning laganna um lífeyrissjóði breytir þess vegna ekki eðli þeirra bóta sem frá þeim koma og lagaskyldan færir þær ekki nær því að vera „félagslegt úrræði“ eins og haldið er fram í greinargerð með frumvarpinu. Lífeyrissjóðir launafólks eru ekki félagslegt úrræði í öðrum skilningi en þeim að í gegnum þá og vegna samtakamáttar launafólks hefur tekist að verja hagsmuni launafólks við starfslok og áföll.

Hluta iðgjalda er varið til öflunar á rétti til örorkubóta úr viðkomandi lífeyrissjóði sem á þann hátt greiðir örorkubætur á sömu grundvallarforsendum og hvert annað tryggingafélag. Þess vegna eru ekki forsendur til þess að draga örorkubætur lífeyrissjóðanna frá skaðabótum fremur en aðrar bætur frá þriðja manni sbr. lokamálslið 4.gr. frumvarpsins.

Gera má einnig ráð fyrir því, að boðuð skerðing muni fyrst og fremst bitna á félagsmönnum ASÍ. Innan raða ASÍ eru margar stéttir sem vinna við erfiðar og hættulegar aðstæður. Þess vegna má ætla að vinnuslys í þessum hópi valdi fleiri tjónum sem metin verði 40% varanlegri örorku eða meira.

Jafnframt eru félagsmenn ASÍ, sem bundist hafa samtökum um að tryggja hvorir aðra í gegnum sammingsbundna aðild að lífeyrissjóðum, sá hópur tjónþola sem verst verða úti við tjón sem valda 40% varanlegri örorku eða meira. Bæði er það vegna almennt lægri viðmiðunar við bótaútreikninga en einnig vegna færri atvinnutækifæra í kjölfar alvarlegra slysa. Ætla má einnig að þessi sami hópur kaupi færri og lægri „frjálsar“ tryggingar frá þriðja aðila en ýmsir aðrir hópar en slíkar tryggingar eru ekki til frádráttar bótum skv. skaðabótalögum.

Fyrir setningu skaðabótalaga sættu bætur ekki frádrætti vegna greiðslna frá lífeyrissjóðum launafólks nema í undantekningartilvikum og þá einna helst ef saman fóru háar bætur vegna mikilla tekna og mikill örorkulífeyrisréttur sem er ekki einkenni bóta til almenns launafólks.

Ekki verður heldur séð, að ráð sé fyrir því gert að séreignasparnaður í lífeyrissjóði komi til frádráttar skaðabótum, sem þó ætti að lúta sömu lögmálum og þá ekki síður þær örorkutryggingar sem keyptar eru fyrir hluta séreignasparnaðar. Í þessu felst mismunun gagnvart almennu launafólki sem væntanlega mun ekki verða í meirihluta þess hóps sem efni hefur á séreignasparnaði eða aðstöðu til þess að semja um hann.


Þetta nýmæli laganna er byggt á öðrum skilningi á tilurð, sögu og tilgangi lífeyrissjóða launafólks en þeim sem verkalýðshreyfingin telur réttann. Verði þetta ákvæði frumvarpsins að lögum getur það kallað á endurskoðun verkalýðshreyfingarinnar á gildandi kjarasamningum. **Alþýðusamband Íslands skorar því eindregið á Alþingi að hafna þeirri breytingu sem 4.gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir.**

Einnig er lagst gegn því að lágmarkstekjuviðmiðun 8.gr. laganna sbr. 7.gr. frumvarpsins verði ákveðin kr. 1.200.000.00 og mælt með því að viðmiðun þessi verði sem næst meðallaunum landverkafólks á árinu 1994.

Að lokum er athygli vakin á því að frumvarp þetta hefur ekki verið sent lífeyrissjóðunum eða samtökum þeirra til umsagnar.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum undir meðferð málsins á Alþingi, gefist tilefni til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Íslands


Grétar Þorsteinnsson,
Forseti ASÍ.